

Sláturfélag Suðurlands svf. - Afkoma á fyrri árs helmingi 2007

Rekstur	Samstæða 2007 jan-jún	Samstæða 2006 jan-jún	Samstæða 2005 jan-jún	Samstæða 2004 jan-jún	2003 jan-jún
Fjárhæðir í mkr.					
Rekstrartekjur	2.545,1	2.258,8	2.218,4	2.047,9	1.565,8
Aðrar tekjur	(21,2)	(16,6)	(18,1)	(4,1)	(1,1)
Vöru- og umbúðanotkun	1.206,0	1.126,9	1.175,0	1.115,6	910,0
Laun og tengd gjöld	677,2	578,1	520,1	498,0	365,6
Annar rekstrarkostnaður	471,8	381,5	357,7	381,8	234,4
Afskriftir	117,3	111,4	106,6	107,0	75,8
Rekstrarhagnaður (tap)	94,0	77,5	77,1	(50,4)	(18,9)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8,7	(141,6)	(35,0)	(79,0)	(11,5)
Hagn. af sölu hlutabréfa	1,7	5,3	126,8	44,4	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	17,2	11,7	2,9	(3,4)	(27,1)
Hagn. (tap) fyrir aðra liði	121,6	(47,1)	171,8	(88,4)	(57,5)
Tekju- og eignarskattur				1,4	(2,4)
Hagnaður (tap) tímabilsins	121,6	(47,1)	171,8	(87,0)	(59,9)
Veltufé frá rekstri	144,5	205,9	143,4	8,7	42,3
Efnahagur	30.06.07	30.06.06	30.06.05	30.06.04	30.06.03
Fjárhæðir í mkr.					
Fastafjármunir	2.542,7	2.407,2	2.254,7	2.554,0	1.742,2
Veltufjármunir	1.414,7	836,1	1.087,9	1.148,0	877,0
Eignir samtals	3.957,4	3.243,3	3.342,6	3.702,0	2.619,2
Eigið fé	1.666,9	1.493,2	1.372,3	1.074,4	1.154,2
Þar af A og B-deild stofnsjóðs	417,2	407,0	384,9	391,3	411,2
Langtímaskuldir	1.754,7	1.221,5	1.432,6	2.007,9	913,4
Skammtímaskuldir	535,8	528,6	537,7	619,7	551,6
Skuldir samtals	2.290,5	1.750,1	1.970,3	2.627,6	1.465,0
Kennitölur					
EBITDA	211,3	188,9	183,7	56,6	56,9
Innra virði	4,0	3,7	3,6	2,7	2,8
Veltufjárhlutfall	2,6	1,6	2,0	1,9	1,6
Eiginfjárhlutfall	42%	46%	41%	29%	44%

Afkoma á fyrri árs helmingi 2007

- Tekjur á fyrri árs helmingi 2.545,1 mkr.
- 121,6 mkr. hagnaður á fyrri árs helmingi, en 47,1 mkr. tap árið áður.
- Afkoma batnar milli ára, einkum vegna lækkunar fjármagnsgjalda.
- EBITDA afkoma var 211 mkr. sem er hækkun um 22 mkr. frá fyrra ári.

Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélagi þess, Reykjararði hf. sem Sláturfélagið á 51% hlut í.

Hagnaður samstæðu Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2007 var 121,6 mkr. Á sama tímabili árið áður var 47,1 mkr. tap. Eigið fé Sláturfélagsins er tæpar 1.667 mkr. og eiginfjárhlutfall samstæðunnar er 42%.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 2.545 mkr. á fyrri árs helmingi ársins 2007, en 2.259 mkr. á sama tíma árið áður og hækka því um tæp 13%. Aðrar tekjur voru 21 mkr en 17 mkr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 1.206 mkr. en 1.127 mkr. árið áður. Launakostnaður hækkaði um 17%, annar rekstrarkostnaður hækkaði um tæp 24% og afskriftir hækkuðu um rúm 5%. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 94 mkr., en 78 mkr. árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld og afskriftir (EBITDA) var 211 mkr. en var 189 mkr. á sama tíma í fyrra.

Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld voru 9 mkr., en fjármagnsgjöld voru 142 mkr. umfram fjármagnstekjur á sama tímabili í fyrra. Gengishagnaður nam rúmum 56 mkr. samanborið við 96 mkr. gengistap árið áður. Hagnaður af sölu hlutabréfa var 2 mkr. en 5 mkr. árið áður. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var jákvæð um 17 mkr. en árið áður um 12 mkr. Hagnaður af rekstri tímabilsins var 121,6 mkr. en 47,1 mkr. tap var á sama tímabili árið áður.

Veltufé frá rekstri var 145 mkr. á fyrri árhelmingi ársins 2007, samanborið við 206 mkr. fyrir sama tímabil árið 2006.

Heildareignir Sláturfélagsins 30. júní voru 3.957 mkr. og eiginfjárlutfall 42%. Veltufjárlutfall var 2,6 á fyrri hluta ársins 2007, en 1,6 árið áður.

Samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins í mars 2007 var í aprílmánuði greiddur 7,0% arður af B-deild stofnsjóðs alls 13 mkr. og reiknaðir 7,0% vextir á A-deild stofnsjóðs alls 16 mkr.

Sláturfélagið birtir upplýsingar um afkomu á sex mánaða fresti í samræmi við heimildir í reglum félaga á Tilboðsmarkaði Kauphallar Íslands. Ráðgert er að birta afkomu ársins 2007 þann 22. febrúar 2008.

Staða og horfur

Gera má ráð fyrir að innflutningur á landbúnaðarvörum aukist á næstu árum samfara lækkun tolla. Sláturfélagið eins og önnur afurðafyrirtæki þurfa að ná fram frekari hagræðingu í rekstri til að geta mætt þessum breytingum. Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á rekstri félagsins til að takast á við aukna erlenda samkeppni.

Stór hluti af matarneyslu landsmanna fer nú fram utan heimilis, á veitingahúsum og í mótuneytum vinnustaða og skóla. Breyttu neyslumunstri hefur verið fylgt eftir með aukinni áherslu á sölu í mótuneyti og veitingahús. Þetta hefur jafnframt kallað á breytt innkaup heimila sem mætt hefur verið með vörupróun.

Matvöruhloti innflutningsdeildar hefur aukið hlutdeild sína á markaði enda mörg vörumerki deildarinnar vel þekkt á heimsvísu. Sala á tilbúnum áburði til bænda í samstarfi við Yara í Noregi hefur aukist umtalsvert enda vörugæðin þekkt meðal bænda. Innflutningur á kjarnfóðri er að hefjast í samstarfi við DLG í Danmörku en fóðurverð hér á landi hefur verið mun hærra en í nágrennalöndum okkur. Með innkomu SS á fóðurmarkað aukast valkostir bænda auk þess sem mikilvægt er að bændur hér á landi eigi aðgang að úrvalsfóðri á hagstæðu verði til að þeir séu betur í stakk búnir til að lækka framleiðslukostnað.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 30. ágúst 2007
Sláturfélag Suðurlands svf.